



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Tilboð um nýjan kjarasamning Verkalýðsfélags Akraness við Samband íslenskra sveitarfélaga

Verkalýðsfélag Akraness hefur kynnt sér vel þær launabreytingar sem fram koma í nýgerðum kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands við Samband íslenskra sveitafélaga. Sú skoðun hefur leit í ljós að launabreytingar sem og aðrar breytingar á samningnum rúmast vel innan þeirra væntinga sem félagið hafði hvað nýjan kjarasamning fyrir félagsmenn VLFA við Samband íslenskra sveitafélaga varðar.

Á þeiri forsendu er Verkalýðsfélag Akraness tilbúið til að ganga að nýjum kjarasamningi á þeim grunni, að því gefnu að 1. liður samningsins verði felldur út því Verkalýðsfélag Akraness hefur ekki heimild til að skuldbinda aðrar samninganefndir innan félagsins eins og kveðið er á um í þessum inngangi. En í honum segir orðrétt: „*Aðilar eru sammála um að vinna samkvæmt þeirri launastefnu sem lagður var grunnur að með rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðar, sem undirritað var 27. október 2015, sjá fylgiskjal III.*“

Með því að hafa þennan inngang óbreyttan hefði félagið ekki lengur frjálsan samningsrétt vegna þeirra kjarasamninga sem félagið á eftir að ganga frá til ársloka 2018, en slíkt væri andstætt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þessu til viðbótar er kveðið á um í fylgiskjali III að stofnað verði þjóðhagsráð í tengslum við nýtt íslenskt vinnumarkaðslíkan sem muni gilda við gerð kjarasamninga á Íslandi eftir 2018. Hlutverk þjóðhagsráðs verður að meta hvert svigrúm til launabreytinga getur orðið og stéttarfélögum verður skylt halda sig innan þess svigrúms sem þjóðhagsráð ákvarðar. En í b lið 3. greinar rammasamkomulags milli aðila vinnumarkaðar segir orðrétt: „*Öllum stéttarfélögum er bó tryggt raunverulegt tækifæri til að semja um sín mál innan þessa svigrúms, þó þannig að jafnræði ríki. Ákveða þarf hvernig skapaður verði sveigjanleiki til útfærslu sameiginlegrar launastefnu innan svigrúmsins.*“

Það er alveg ljóst að félagsmenn sem taka laun eftir kjarasamningi Verkalýðsfélags Akraness við Samband íslenskra sveitafélaga hafa ekki nokkra heimild til að skuldbinda þá félagsmenn sem taka laun eftir öðrum samningum með því að samþykkja umrætt rammasamkomulag, enda er slíkt algerlega andstætt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þessu til viðbótar er kveðið á um í þessu fylgiskjali III að forsenduákvæði kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði sem tók gildi 1. maí 2015 falli út. En í 2. grein rammasamkomulagsins b lið. segir orðrétt: „*Að skilyrðum c-liðar uppfylltum verði öll forsendukvæði nágildandi kjarasamninga er lúta að launastefnu, þ.m.t. tenging við launaþróun annarra hópa og kaupmáttarviðmið feld út...*“

Á þessu sést að það er útilokað að láta þetta rammasamkomulag fylgja með sem fylgiskjal enda eru atriði í þessu rammasamkomulagi, til dæmis að fella út forsenduákvæði í öðrum kjarasamningum eins og hér að ofan greinir, sem skerða klárlega réttindi og samningsfrelsi annarra félagsmanna VLFA sem taka laun eftir öðrum kjarasamningum.



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Verkalýðsfélag Akraness ítrekar að það er tilbúið að undirrita nýjan kjarasamning á grundvelli þeirra launabreytinga sem sambandið hefur samið við aðra sambærilegra hópa um, að því gefnu að inngangurinn falli út ásamt fylgiskjali III. Enda er það mat félagsins að umrætt rammasamkomulag brjóti í bága við lög um stéttarfélög og vinnudeilur.

Félagið óskar eftir því að fá skriflegt svar við þessu tilboði eigi síðar en á hádegi fimmtudaginn 26. nóvember 2015.

Akranesi, 24. nóvember 2015

Vilhjálmur Birgisson

Vilhjálmur Birgisson,
Formaður Verkalýðsfélags Akraness